

Vinnuhópur Borgarbyggðar um stefnumótun í þjónustu við fatlaða

1. fundur starfshópsins haldinn 8. september 2014, kl. 13:00 í ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mættir: Hulda Hrönn Sigurðardóttir, Kristín Erla Guðmundsdóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir, Hafdís Þórðardóttir (fulltrúi starfsmanna) og Hannes Heiðarsson (fulltrúi Þroskahjálpar)

Einnig sat fundinn Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri sem ritaði fundargerð.

1. **Afhent gögn,** lög, reglugerðir og tillögur vinnuhóps um þjónustu við fatlaða í Borgarbyggð frá 2010.

2. **Kosning formanns.** Stungið upp á Huldu Hrönn Sigurðardóttur, enginn annar tilnefndur og hún kosin formaður.

3. **Umræður um verkefnið – almennar umræður**

Hannes Heiðarsson lýsti óánægju með niðurskurð í þjónustu við fatlaða eftir flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna, einkum lokun skammtímvistunar í Holti.

Rætt um skammtímvistun – sumardvöl.

Rætt um möguleika fatlaðra barna og fullorðinna til félagsskapar – tómsundur - skortur á úrræðum.

Rætt um atvinnumál – staðsetningu Fjöliðju – Hæfingar.

Rætt um húsnæðismál.

4. **Rætt um vinnuna framundan**

Ákveðið að fundir hópsins verði annanhvorn mánudag kl. 13:00. Sá síðasti 10. nóvember:

2. fundur – atvinnumál stefnt að heimsókn í Hæfingu / Fjöliðju og skoðun húsnæðis úti í eyju.

3. fundur Tómsundur - Holt.

4. fundur aðgengi – akstur.

5. fundur menntun- símenntun.

5. Ákveðið að taka saman stöðumat, hvaða þjónusta er verið veita, hve mörgum, biðlistar o.s.frv.

Fundi slitið kl. 15:10